

86.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 13.febrúar 2018 og hófst kl. 16.15

Mætt voru: Hulda Elsa, Erla Kristín, Þórunn, Gry og Alex (gegnum tölvu). Rósa boðaði forföll

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Félagsskipti Þorbergs Guðmundssonar hefur ekki verið rétt skráð í Felix. Stjórnin ákvað að líta til þess að tilkynning um félagsskiptin hafi borist á sínum tíma samkvæmt reglum. Hann er þess vegna hlutgengur á ÍM sem keppandi KFA ef skráning hefur þá verið leiðrétt.
3. Ráðning læknis í fagteymi.
Gry falið að ganga frá því.
4. Beiðni frá mótshaldara um að víxla keppnisdögum á Íslandsmeistaramótunum í klassískum kraftlyftingum og klassískri bekkpressu. Það myndi gera sjónvarpinu kleift að ná upptökum af báðum mótunum í heild sinni.
Málinu vísað til mótanefndar.
5. Ráðning íþróttastjóra.
Drög að auglýsingu um starfið er tilbúin og ætlar stjórnin að fara yfir hana og ræða svo hún verður tilbúin til birtingar sem fyrst.
6. Ráðning framkvæmdastjóra.
Ákveðið að bjóða Gry að taka að sér starf framkvæmdastjóra í 25% starfshlutfalli þegar tímabundin ráðning hennar sem íþróttastjóri rennur út.
Hún samþykkti það með fyrirvara um stuðning nýrrar stjórnar og samkomulag um laun.
7. Kraftlyftingaþing 2018
Farið yfir mál og dagskrá þingsins.
Gry tekur saman minnispunktana og sendir á formann og þingforseta.
8. Ársreikningar 2017 og fjárhagsáætlun.
Reikningar ræddir og Alex falið að leita nánari skýringa á nokkrum atriðum.
Aðaláherslur fjárhagsáætlunnar ákveðnar. Alex setur hana upp.

Ekkert fleira gert

Fundi slitið kl. 18.00

Fundarritari: Gry Ek